

Aðalstjórnarfundur UMFT

15. desember 2008.

Mættir: Gunnar, Magnús, Elínborg og Kristjana.

Dagskrá :

Fjármál deilda

Æfingagjöld yngri flokka

1. Frjálsíþróttadeild í Gígja Sigurðardóttir mætti f.h. stjórnar.

Gígja fór yfir fjárhagsstöðu frjálsíþróttadeildarinnar. Skýrði hún aðalstjórn frá því að næsta ár væri nokkuð óljóst fjárhagslega fyrir deildina.

Æfingagjöld yngri flokka deildarinnar eru kr. 2.500 fyrir fulla þátttöku.

2. Sunddeild - Jón Ingi Sigurðsson og Snorri Styrkársson mættu f.h. stjórnar.

Jón Ingi og Snorri gerðu grein fyrir fjárhagsstöðu sunddeildarinnar. Deildin þarf að bera nokkuð hærra útgjöld á þessu tímabili miðað við það síðasta en á móti kemur að mikil fjölgun hefur orðið á iðkendum, eða um 90%.

Æfingagjöld yngri flokka eru kr. 1.800 / 2.600 á mánuði, eftir aldri iðkenda.